

Nd.

827. Nefndarálit

[255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins felur í sér eftirfarandi atriði: fækkun um tvo menn í húsnæðismálastjórn, þannig, að einn þingflokkur missir fulltrúa í stjórninni, hækkun framlaga til kaupa á eldri íbúðum um 20 milljónir og afnám vísitölubindingar á lánnum frá Húsnæðismálastofnuninni.

Þá eru í 4. gr. frv. ákvæði, sem fela í sér breytingu á skipan stjórna verkamannabústaða, en þegar til kom reyndist ekki samstaða um þann þátt innan stjórnarflokkanna og varð því niðurstaða þeirra sú að fella þessa grein brott úr frumvarpinu.

Undirritaðir nefndarmenn fallast á það samróma álit húsnæðismálastjórnar, að fram fari ýtarleg endurskoðun á umræddum lögum, einkum með það í huga að tryggja betur en nú er fjárhagsgrundvöll Byggingarsjóðs ríkisins sem aðallánveitanda til íbúðabygginga landsmanna.

Engin sú breyting, sem lögð er til með frumvarpinu, er svo aðkallandi, að ekki megi bíða haustsins.

Upplýst hefur verið, að afnám vísitölubindingar skv. 3. gr. frv. mundi ekki koma til framkvæmda á þessu ári, þar sem lánin eru öll gjaldfallin nú.

Við tökum fram, að við erum samþykkt því, að vísitölubinding verði afnumin, en teljum, að hér sé ekki fundin heppilegasta lausnin. Teljum við það æskilegra fyrirkomulag, að ákveðnir verði fastir ársvextir, lágir fyrstu árin, t. d. 4%, en hækkuðu nokkuð, er fram í sækir á lánstímanum.

Með vísun til ofanritaðs leggjum við til, að frumvarpinu verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem einsýnt er, að breytingar þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru ekki svo aðkallandi, að þær megi ekki bíða til næsta hausts, telur Nd. Alþingis rétt, að skipuð verði nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar frá hverjum þingflokki og tilnefndir af þeim. Hafi nefndin það hlutverk að endurskoða lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins, einkum með tilliti til fjárþarfar Byggingarsjóðs, afnáms vísitölubindingar o. fl., og verði endurskoðun lokið í haust.

Tekur því deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. maí 1972.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Ragnhildur Helgadóttir.